Genie
A TEREX BRAND

Viðbót við stjórnandahandbók

Loftlokun

S® and Z® Booms
GS™-3384, GS™-3390,
GS™-4390, GS™-5390

Models equipped with the following

Deutz engines:

TD 2.2 L3
TCD 2.2 L3
D 2.9 L4
TD 2.9 L4

Translation of Original Instructions
First Edition
Fourth Printing
Part No. 1293274ISGT

Inngangur

Mikilvægt

Lestu, skildu og hlýddu þessum öryggisreglum og notkunarleiðbeiningum áður en þú notar þessa vél. Aðeins sérþjálfað og viðurkennt starfsfólk hefur leyfi til að nota þessa vél. Líta ætti á handbók þessa sem varanlegan hluta af vélinni þinni og hún ætti alltaf að fylgja vélinni. Ef spurningar vakna skaltu hafa samband við okkur.

Hafðu samband við okkur:

Internet: www.genielift.com

Tölvupóstur: awp.techpub@terex.com

Manufacturer:

Terex Global GmbH
Bleicheplatz 2
Schaffhausen, 8200
Switzerland

EU Authorized representative:

Genie Industries B.V.
Boekerman 5
4751 XK OUD GASTEL
The Netherlands

UK Authorized representative:

Genie UK Limited
The Maltings
Wharf Road
Grantham
NG31 6BH
UK

Höfundarréttur © 2018 Terex Corporation

Fyrsta útgáfa: Fjórða prentun, september 2021

„Genie“, „S“ og „Z“ eru skrásett vörumerki Terex South Dakota, Inc. í Bandaríkjunum og mörgum öðrum löndum.

„GS“ er vörumerki Terex South Dakota, Inc.

Þessar vélar samræmast

CE Uppfyllir EB tilskipun 2006/42/EB
Sjá EB-samræmisyfirlýsingu

UKCA (Öryggis) reglur um veitingu á vélbúnaði 2008

Uppfyllir:
ANSI A92
CSA B354
AS 1418.10

Inngangur

Loftlokunarkerfi

Hlutverk loftlokunarkerfisins er að fylgjast með snúningshraða vélarinnar. Þegar snúningshraði vélarinnar fer yfir 3000 snúninga á mínútu lokar stýrieining lokans fyrir afl til loftinntakslokans og drepur á vélinni.

Loftlokunarkerfið er einnig búið neyðarádreparaeiningu. Einingin er búin slökkvihnappi (Stop) og LED-gaumljósi fyrir bilun. Einingunа má einnig nota við kerfisprófanir og til að endurstilla stýrieiningu loka eftir drepið hefur verið á vélinni.

Skoðun fyrir notkun

- ☐ Vertu viss um að notandahandbók, stjórnanda-, öryggis- og ábyrgðarhandbækur og allar nauðsynlegar viðbætur séu heilar, læsilegar og í geymsluílátinu sem staðsett er á pallinum.
- ☐ Gakktu úr skugga um að allir límmiðar séu til staðar og læsilegir.

Athugaðu hvort íhlutir loftlokunarkerfisins séu lausir, skemmdir eða hvort íhluti vanti.

- ☐ Hosuklemmur og aðrar festingar
- ☐ Raflagnir og tengingar beislis
- ☐ Loftinntaksíhlutir
- ☐ Stjórneining og stýrieining loka

Inngangur

Virkniprófun

1 Opnaðu hlíf snúningshlutans á hlið stjórntækja vinnuvélarinnar á jörðu niðri.

2 Svissaðu á stjórntækið á jörðu niðri og togaðu rauða neyðarstöðvunarhnappinn út í virka stöðu.

3 Ýttu á Stop-rofann (stöðvunarrofann) á neyðarádreparaeiningunni.

⊙ Niðurstaða: það kviknar á Valve Closed-ljósinu sem sýnir að lokinn sé lokaður.



4 Ýttu á Run-rofann (gangsetningarrofann).

⊙ Niðurstaða: það slokknar á Valve Closed-ljósinu sem sýnir að lokinn sé lokaður.

5 Notaðu stjórntækin á jörðu niðri til að gangsetja vélina.

6 Stilltu stjórntækin á jörðu niðri á hraðan lausagang.

7 Haltu Run-rofanum inni (gangsetningarrofanum).

8 Um leið og rauða viðvörunarljósið blikkar skaltu virkja og halda skipununum: auðvelda virkni og inndráttur aðalbómu.

⊙ Niðurstaða: Vélin drepur á sér.

9 Ýttu á Run-rofann (gangsetningarrofann).

Inngangur

Tæknilegar upplýsingar

Aðeins viðurkenndur tæknimaður sem hlotið hefur þjálfun og hefur aflað sér viðeigandi réttinda skal sinna viðhaldi á þessari vinnuvél.

Gaumljós bilunar

LED-ljós neyðarádreparans munu loga um leið og bilun verður.

Fimm LED-gaumljós eru til staðar:

Staða	Lýsing
Slökkt er á LED-ljósi.	Loftinntaksloki er opinn. Kerfið starfar á réttan hátt.
Rautt LED-ljós logar stöðugt.	Loftinntaksloki er lokaður. Vélin drepur á sér. Ekki er hægt að gangsetja vélina.
Rautt LED-ljós blikkar með tveggja sekúndna millibili.	Tenging loftinntaksloka við aflgjafa eða opna rafrás hefur rofnað.
Rautt LED-ljós blikkar þrisvar sinnum í hvert sinn.	Loftinntaksloki er fastur. Athugaðu hvort loftinntakið sé stíflað eða óhreint.
Rautt LED-ljós blikkar meðan vél er gangsett í 5 sekúndur.	Ekkert merki greinist frá snúningshraðamæli vélarinnar. Opin rafrás.


Hnekkingarstilling

Loftinntakslokinn er búin handvirkri hnekkingu til að hægt sé að færa lokann í opna stöðu við aflmissi.

Aðeins skal nota hnekkinguna þegar þörf er á því að færa vinnuvélina á öruggan stað í því skyni að lagfæra loftlokunarkerfið.

1 Aftengdu beislið frá loftinntakslokanum.

2 Taktu gúmmítappann af lokanum og settu hann til hliðar.



1 gúmmítappi
2 stilliskrúfa
3 loftinntaksloki

3 Snúðu stilliskrúfunni réttsælis 15-20 hringi.

4 Settu gúmmítappann aftur á.

5 Tengdu beislið við lokann.

6 Gakktu úr skugga um að hægt sé að gangsetja og keyra vélina.

Dreift af:

www.genielift.com